

„Nú, hvernig gengur?“

Verkstjórinn benti þá á Róland og sagði: „Þarna er drengurinn, sem við höfum verið að leita að. Honum þykir sæmd að því að gera verkið sitt vel. Hann er vel upp alinn drengur.“

Og nú talaði háí maðurinn aftur fljótt:

„Rétt! Það er drengurinn. ‘Vinna fyrir dreng’ þýðir ekki, að það sé vinna hjá okkur fyrir hvaða dreng sem er. Veit mamma þín, að þú fórst? Ekki? Nú, farðu þá með fyrstu launin þín til hennar, og segðu henni, að þú getir fengið vinnu hérna. Taktu svo um hálsinn á henni, og þakkaðu henni fyrir, að hún hefur kent þér að vera vandvirkur. Ef fleiri drengir hefðu lært að vera vandvirkir, þá kæmust líka fleiri drengir betur áfram í heiminum.“

Þegar Róland var að segja mömmu sinni frá þessu, sagði hann: „Eg held, mamma! að mér hafi gengið svona vel af því eg var bara að hugsa um, hvað þú myndir vera ánægð með, en ekkert um auglýsinguna: ‘Vinna fyrir dreng’.

Úr *S. S. Advocate*.

ÆÐI-HART. .

(Þýtt).

„Það er æði-hart að hafa ekkert nema graut að borða, þegar aðrir hafa allskonar sælgæti“—tautaði Hans með grautar-skálina fyrir framan sig á borðinu. „Og æði-hart er það, að þurfa að fara svona snemma á fætur í þessum bruna, og vinna allan daginn, þegar aðrir skemta sér og þurfa ekkert að gera. Og æði-hart er það líka, að verða að þramma í gegnum snjóinn, þegar aðrir aka í vögnum.“

„Það er mikil blessun, Hans minn!“—sagði amma hans, sem var að þrjóna og heyrði til hans — „að hafa mat, þegar margir aðrir eru hungraðir. Og það er mikil blessun, að eiga þak yfir höfuðið á sér, þegar svo margir menn eru hælislausir. Og það er líka mikil blessun að hafa sjón og heyrn og krafta til þess að vinna daglega vinnu sína, þegar svo margir eru blindir og heyrnarlausir og bágstaddir.“

„Að heyra til þín, amma! Það er eins og þú álitir, að ekkert sé hart“—sagði pilturinn nöldrandi.

„Ó nei, Hans minn! Það er eitt, sem mér þykir hart.“

„Og hvað er það?“—sagði Hans. Og var nú málrómrinn annar. Því honum þótti vænt um, að amma hans hafði þó yfir einhverju að kvarta.